



Reykjavík, 18. febrúar 2015

Formaður verkefnahóps um starfsmenntun
Guðrún Ragnarsdóttir
Mennta- og menningarmálaráðuneytinu
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um fyrstu drög að aðgerðaáætlun um starfsmenntun, dagsett 3. febrúar 2015.

Eftirfarandi er umsögn fulltrúa Kennarasambands Íslands í samráðshópi með verkefnastjórn menntamálaráðuneytis um fyrstu drög að aðgerðaáætlun um starfsmenntun. Umsögnin skiptist í inngang og umfjöllun um tillögur.

Inngangur

Kennarasamband Íslands telur í heildina meginmarkmið aðgerðaáætlunar um starfsmenntun og tillögur gefa til kynna metnaðarfulla vinnu og fela í sér fyrirheit um umbætur. Hér er um að ræða atriði sem lengi hafa verið rædd og bent á að bæta þyrfti úr í starfsmenntun, auka aðsókn, styrkja stöðu og umgjörð, fjölga útskrifuðum og bæta tengsl við háskólastigið.

Kí bendir á að til að gera veg starfsmenntunar meiri þá þarf að verða viðhorfsbreyting í samfélaginu til starfsmenntunar. Kí telur það vera mikið umhugsunatriði hvort þær aðgerðir sem lagðar eru til nægi til að breyta viðhorfum. Kí vill benda á eftirfarandi fjögur atriði í þessu sambandi.

Í aðgerðaáætlun er starfsmenntun notuð um allt iðn- og starfsnám á framhaldsskólastigi. Iðn- og starfsnám er oft tækninám og það færast í aukana að tala um tækninám í ákveðnum greinum. Kí telur að víkka þurfi skilgreiningu á starfsmenntun og tala um starfsnám, verknám og tækninám á framhaldsskólastigi. Tækninám myndi liðka fyrir nauðsynlegri viðhorfsbreytingu til að efla veg þessara greina í samfélaginu.

Kí telur að tillögur um að fjölga nemendum sem velja starfsnám á framhaldsskólastigi þurfi að hafa sterkari tengingu við nám í grunnskólum og að efla þurfi nám í grunnskólum í verk- og listgreinum til að auka aðsókn grunnskólanemenda í starfs, verk- og tækninám á framhaldsskólastigi. Kí telur að kynningar fyrir grunnskólanemendur og aukin náms- og starfsráðgjöf séu mikilvægar stuðningsaðgerðir í þessum tilgangi en að meira þurfi að koma til.

Kí bendir á að almenna reglan er að nemendur eru hvattir til að ljúka stúdentsprófi áður en þeir fara í iðn- og starfsnám og endurspeglar þetta mismunandi viðhorf í samfélaginu til bóknáms og iðn- og starfsnáms. Kí telur mjög mikilvægt að nemendur í starfs, verk- og tækninámi í framhaldsskólum geti greiðlega lokið tæknimenntastúdentsprófi um svipað leyti og þeir ljúka sínu fagprófi.

Kí telur mjög mikilvægt að auka skuldbindingu nemenda í námi, en lítil skuldbinding margra nemenda við nám sitt og skólann tengist bæði samfélagslegum viðhorfum og takmörkuðum úrræðum skóla til að halda nemendum að námi. Kí telur mjög brýnt að menntamálaráðuneytið ráðist í sérstakar aðgerðir í þeim tilgangi að breyta viðhorfum til náms, skóla og kennarastarfsins. Stjórnvöld hafa hér afgerandi forystuhlutverki að gegna og þurfa að senda skýr skilaboð um nauðsyn viðhorfsbreytinga.

Kí bendir á að tillögur um að styrkja stöðu og umgjörð starfsnáms, verknáms og tæknináms í framhaldsskólum gera ráð fyrir endurskoðun á starfsháttum. Forsenda þessa er að veittur verði markviss stuðningur við símenntun og starfsþróun kennara innan og utan skóla. Kí bendir á að starfandi er fagráð um símenntun og starfsþróun kennara, skipað fulltrúum KÍ, menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og háskóla sem mennta kennara. Hlutverk þess er móta stefnu um símenntun og starfsþróun kennarastéttarinnar og er unnið hörðum höndum að því. Kí telur mjög mikilvægt að þættir í aðgerðaáætlun um starfsmenntun, sem og um læsi og námstíma sem varða kennarastarfið verði tengd með beinum hætti við starf fagráðsins.

Kí bendir á að í aðgerðaáætlun er ekki fjallað um tengingu starfsnáms við framhaldsfræðslu og um námsefni eins og ætla mætti að yrði gert þegar inngangur aðgerðaáætlunar er skoðaður. Einnig hefði útlistun á tillögum þurft að vera ítarlegri, sér í lagi þegar hugsað er um það hvað lítil tími gafst fyrir samráðshópin til samræðna og endurgjafar um þau hugmyndadrög sem honum voru kynnt á fundi í byrjun desember sl.

Í aðgerðaáætlun þurfa að koma fram skýr og raunhæf markmið og leiðir, viðmið um árangur og eftirfylgni, skilgreiningar á þeim aðilum sem bera ábyrgð á einstökum verkefnum og á samstarfsaðilum, tímaáætlanir og útlistun á kostnaði. Aðgerðaáætlun byggir á hvítbók menntamálaráðherra og er ábyrgð og forystuhlutverk ráðherra og ráðuneytis afgerandi í framkvæmd aðgerða og að tryggja skólum fjármuni og mannafla til að vinna að þeim.

Kí áskilur sér allan rétt til frekari umsagna um aðgerðaráætlun um starfsmenntun og að fylgja umsögnum eftir. Kí undirstrikar að menntamálaráðuneytið eigi samstarf við kennarasamtökin sem stendur undir nafni.

Umfjöllun um tillögur

Fyrsti kafli - Markmið 1. Koma á markvissu og skilvirku starfsnámi sem höfðar jafnt til yngri sem eldri nemenda.

Tillaga 1a). Kí telur gagnlegast fyrir nemendur að einum aðila verði falin ábyrgð á námsferli þeirra frá upphafi til loka, og að framhaldsskólarnir eigi að vera ábyrgðaaðilar.

Tillaga 1b). Samkvæmt upplýsingum er grunnþrepið hugsað fyrir yngri nemendur án reynslu sem eru óráðnir um sitt nám og uppfylla að öðru leyti lágmarkskröfur um inngöngu. Kí telur mikilvægt að námið verði ekki eingöngu sniðið að starfsmenntun heldur þurfi það að fela í sér fjölbreytta færniþætti, samskipti á móðurmáli og erlendum málum, stærðfræðilæsi, upplýsingatækni, náms- og starfsráðgjöf/fræðslu og aukna skuldbindingu í námi og færni í grunnþáttum almennrar menntunar.

Mikil þörf er á að fylgja aðgerðum eftir með stóraukinni útgáfu náms- og kennslugagna, framboð og aðgang að náms- og kennslugögnum. Kí bendir á að notkun rafræns kennsluefnis gerir kröfu um góðar nettengingar og tölvubúnað í skólum.

Kí telur mjög brýnt að námsgögn, bæði í hefðbundnu formi og rafrænu, verði nemendum að kostnaðarlausu, og að nemendur fái styrki vegna fæðis og ferða. Aðgerðir af þessu tagi eru mikilvægar til að minnka brotthvarf úr námi.

Tillaga 1c). Kí er sammála því að inngönguleiðir í starfsnám geti bæði verið úr vinnustaðanámi og skólanámi.

Tillaga 1d). Kí er sammála því hlutverki sem ferilbókum er ætlað að hafa í starfsnámi frá upphafi til loka. Kí bendir á að upptaka ferilbóka gerir ráð fyrir endurskoðun á starfsháttum í skólunum. Forsenda þessa er að markviss stuðningur verði veittur við símenntun og starfsþróun kennara innan og utan skóla. Skapa þarf kennurum aðstæður í starfi til að vinna að markmiðum um hlutverk ferilbóka.

Kí bendir á að stórauka þarf stuðning við skóla og kennara til að vinna með niðurstöður innra og ytra mats í umbóta- og þróunarstarfi.

Tillaga 1e). Kí telur þá aðferð heillavænlegri fyrir gæði starfsnámsins að skoða hvort ná megi fram aukinni skilvirkni í vinnustaðahluta námsins með notkun ferilbóka og víxlverkun skólanáms og vinnustaðanáms. Kí varar við því að minnka hæfnikröfur til starfsmenntunar. Flest hnígur í þá átt að styrkja þurfi námið í ljósi tæknibreytinga og vaxandi sérhæfingar á vinnumarkaði og undirbúning fyrir áframhaldandi nám, hér og erlendis.

Tillaga 1f). Kí telur tillögur um að útgönguleiðir starfsnáms við ákveðnar hæfnikröfur starfa og starfslýsingar, standa og falla með því hvort atvinnulífið viðurkennir í raun menntun til ábyrgðar og launa. Kí leggur áherslu á að nemendur hafi tryggar inngönguleiðir inn í skólana vilji þeir snúa aftur í nám.

Tillaga 1g). Hér hefði þurft að nefna hverju er ólokið í sambandi við íslenska hæfnirammann, um hvaða atriði ekki er sátt, og hvers vegna.

Tillaga 1h). Hér hefði þurft að ræða hver tilgangurinn væri með því að taka upp aðgangsstýringu í ákveðnum greinum, hvernig og í hvaða greinum. Hverjir eru kostir og gallar þess að taka upp aðgangsstýringu?

Kí bendir á að nemendur í starfsnámi mennta sig ekki eingöngu til starfa á innlendum vinnumarkaði, heldur líka á erlendum vinnumarkaði og fyrir áframhaldandi nám hér á landi og erlendis.

Tillaga 1i). Samkvæmt upplýsingum er tilgangur þessarar tillögu að koma til móts við nemendur á landsbyggðinni og tryggja að fyrir hendi sé í hverjum landsfjórðungi heilsteypt menntakerfi í starfsnámsgreinum að minnsta kosti til 18 ára aldurs. Kí telur mjög mikilvægt að þetta verði tryggt.

Einnig þarf að tryggja aðgang ólöggráða nemenda að góðu húsnæði og fæði, það er heimavist í tengslum við skólana, í þeim skólum sem munu bjóða upp á starfsnám, tækni- og iðnnám á landsvísu.

Tryggja þarf nemendum jafnrétti til náms, og að námsdöl og námskostnaður verði þeim að kostnaðarlausu.

Kí telur að formgera þurfi uppbygginu menntaklasa og tilgreina þá aðila sem bera ábyrgð á því verkefni. Uppbygging menntaklasa getur ekki verið komin undir áhuga og frumkvæði einstaklinga hér og þar um landið. Menntamálaráðuneyti þarf að stýra þessu verkefni og tryggja fjármuni og mannafla til að sinna því.

Kí telur að ræða þurfi kjarnaskólafyrirkomulag í tengslum við tillögu um menntaklasa.

Annar kafli - Markmið 2. Efla vinnustaðanáms og skapa aðstöðu fyrir alla nemendur til að ljúka sínu námi.

Tillaga 2a). Kí telur mikilvægt að nemendur geti stundað vinnustaðanáms á nokkrum vinnustöðum ef með þarf til að tryggja þjálfun í þeim færnipættum sem námskrár gera kröfu um og ferilbækur.

Tillaga 2b). Kí er fylgjandi því að nýta ferilbækur sem hluta af símati og að þeim verði fylgt markvisst eftir af skólum og nefndum. Kí leggur áherslu á að kennarar og leiðbeinendur á vinnustöðum fái markvissan stuðning við símenntun og starfsþróun vegna notkunar ferilbóka í námsmati. Skapa þarf kennurum aðstæður í starfi til að vinna að markmiðum um hlutverk ferilbóka. Í skólum þarf að vera fyrir hendi skipulagður stuðningur við nýútskrifaða kennara og ráðgjöf og leiðsögn fyrir alla kennara.

Kí bendir á að gera þarf grein fyrir þeim nefndum sem eiga að fylgja ferilbókum eftir og einnig hvað felist í því að þær og skólar fylgi ferilbókum markvisst eftir og hvernig. Hver ber ábyrgð á að ferilbókum verði fylgt markvisst eftir?

Tillaga 2c). Kí telur mikilvægt að tryggja leiðbeinendum á vinnustöðum markvissa þjálfun og að leitað verði að bestu fyrirmyndum um hana frá öðrum löndum sem hafa náð góðum árangri á þessu sviði. Tilgreina þarf miðlægan ábyrgðaraðila með þjálfun leiðbeinenda og gæðaeftirlit með þjálfun þeirra.

Kí skilur tengingu þjálfunar við vinnustaðanámssjóð þannig að fyrirtæki fái ekki leyfi til að hafa nemendur í vinnustaðanámi og fjármuni til þessa úr sjóðnum nema að hafa menntaða leiðbeinendur á sínum vegum. Kí er fylgjandi þessu.

Tillaga 2d). Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á að tryggja vinnustaðanámssjóð til framtíðar með nægum fjármunum. Aðgerðir standa og falla með því.

Tillaga 2e). Kí bendir á að möguleiki fyrir nemendur til að komast í vinnustaðanám í fámennum greinum verður áfram erfiður. Tillögur gera ráð fyrir að við þessu verði brugðist með svokallaðri „skólaleið“ sem felur í sér að vinnustaðanám nemenda verði að stórum hluta í skólanum. Kí leggur áherslu á að skólaleiðin verði ekki fjárhagslega íþyngjandi fyrir skólana. Kanna þarf fyrirmyndir frá öðrum löndum þar sem skólaleiðin hefur verið notuð með góðum árangri. Tilgreina þarf ábyrgðaraðila á því að móta útfærslu á „skólaleið“ í samstarfi við starfsnámsskóla og fjármuni til verksins.

Tillaga 2f). Kí telur mjög mikilvægt er að efla tengiliðakerfi skólanna við atvinnulífið og þá sérstaklega tengsl kennara í skólunum og leiðbeinenda á vinnustöðum til að tryggja samfellu í námi nemenda. Tilgreina þarf ábyrgðaraðila með þessu verkefni.

Þriðji kafli - Markmið 3. Byggja upp fagháskólastig til framtíðar.

Tillaga 3a). Kí telur nauðsynlegt að menntamálaráðuneytið hafi forgöngu um að stofnuð verði föst samráðsnefnd háskóla og starfsmenntunar til að móta greiðar leiðir fyrir nemendur til háskólanáms og samfellu í námi milli skólastiga.

Tillaga 3b). Kí telur að stofnun fagháskólastigs yrði mikilvægur liður í því að styrkja faglegan sess og ímynd starfsmenntunar. Undirbúa þarf vel stofnun fagháskólastigsins og ekki að fara af stað nema fjármunir til reksturs og búnaðarkaupa verði tryggðir. Kí telur rétt að stofna nefnd í þessum tilgangi. Kí telur forgangsverkefnin í starfsmenntun vera að fjölga þeim sem velja starfsmenntun og styrkja námið. Með skynsamlegri þrepaskiptingu og samfellu í námi geta háskólar annað þeirri eftirspurn sem skapast eftir háskólanámi í tilteknum greinum á grunni starfsmenntunar.

Kí telur að fagháskólastigið eigi að vera millistig milli framhaldsskóla og háskóla og þar eigi það nám heima sem nú er á fjórða þrepi framhaldsskóla, svo sem meistaranám, iðnfræði, og ýmiskonar nám sem komið er „upp úr þaki“ framhaldsskóla. Úr fagháskólanáminu þurfa að vera greiðar leiðir til háskólanáms í verk- og tæknigreinum. Kí telur að sumir framhaldsskólar hafi tryggar faglegar forsendur til að vera jafnframt fagháskólar starfsmenntunar.

Fjórði kafli - Markmið 4. Koma á skilvirkri stjórnýslu starfsmenntamála.

Tillaga 4a). Hvað merkir að „byggja upp öfluga einingu innan ráðuneytisins sem leiðir umbætur á starfsmenntun til framtíðar“? Hvernig á að koma þessu um kring?

Tillaga 4b). Kí telur að starfsgreinanefnd eigi að hafa það hlutverk að vera stefnumarkandi fyrir starfsmenntun og starfsgreinaráðin eins og verið hefur. Hugsu þarf fyrir eðlilegri endurnýjun í nefndinni með tilliti til kynjaskiptingar og aldursdreifingar og góð tengsl að vera við baklandið.

Tillaga 4c). Hvað merkir „dýnamísk starfsgreinaráð“? Hvernig á að ná því fram að starfsgreinaráðin endurspegli „aldursdreifingu og kynjaskiptingu starfsgreinanna“ þegar hugsað er um kynskiptan vinnumarkað og litla nýliðun í sumum greinum? Hvernig á að tryggja farvegi í starfsgreinaráðum fyrir þróun nýrra starfsgreina og starfa? Hver ber ábyrgð á að byggja upp „dýnamísk“ starfsgreinaráð?

Tillaga 4d). Kí telur tillögur um að skerpa á hlutverki starfsgreinaráða vera mjög mikilvægar og einnig þarf að skapa starfsgreinaráðunum góð starfsskilyrði. Mikilvægt er að starfsgreinaráðin fái til umsagnar námskrár frá skólum sem varða starfsnám.

Kí leggur mikla áherslu á að menntamálaráðuneytið greiði framvegis fyrir þátttöku fulltrúa KÍ í starfsgreinaráðunum eins og gert var til 2008. Kí telur óásættanlegt að kennarasamtökin leggi ráðuneytinu til ókeypis sérfræðivinnu sem það á með réttu að greiða fyrir.

Tillaga 4e). Kí er fylgjandi tillögu um að tryggja samræmt skipulag og utanumhald um starfsemi starfsgreinaráða, efla tengingu starfsgreinaráða við ráðuneytið og í gegnum starfsgreinanevnd. Útlista þarf hvernig eigi að gera þetta.

Tillaga 4f). Kí er fylgjandi tillögu um að skipa eina nemaleyfisnevnd fyrir hvert starfsgreinaráð, skerpa á hlutverki nemaleyfisnevnda með því að skilgreina það í reglugerð og gera starfsgreinaráðum skylt að setja þeim starfsreglur.

Tillaga 4g). Kí telur mikilvægt að komið verði á föstu samráði sveinsprófsnevnda, nemaleyfisnevnda og starfsnámsskóla.

Tillaga 4h). Kí er fylgjandi tillögu um að byggja upp miðlæga upplýsingaveitu um starfsnám. Mikilvægt er að hafa gott samráð við starfsnámsskóla um þetta.

Tillaga 4i). Hvað merkir að „skilgreina og koma á reglulegum úttektum og gæðakerfi“? Hvers konar úttektir og gæðakerfi? Í hvaða tilgangi? Hver ber ábyrgð?

Tillaga 4j). Hvað er átt við með „endurskoðun á hlutverki þjónustuaðila taki mið af aðgerðaáætlun um umbætur í starfsmenntun“? Endurskoðun á hvaða þjónustuaðilum, í hvaða tilgangi, hvaða samhengi er á milli þessa og aðgerðaráætlunar um umbætur í starfsmenntun? Hver ber ábyrgð?

Fimmti kafli - Markmið 5. Fjölga nemendum sem velja starfsnám á framhaldsskólastigi og ljúka því.

Tillaga 5a). Kí list í sjálfu sér vel á myndina af stuðningsneti nemenda í starfsnámi, en myndin ein og sér segir lítið. Með hefðu þurft að fylgja útlistanir á einstökum þáttum og hvernig á að vinna að þeim en tilgangurinn hlýtur að vera að efla námsástundun nemenda og skuldbindingu í námi og við skólann. Hver ber ábyrgð á að koma upp þessu stuðningsneti?

Kí telur að koma þurfi upp stuðningsneti í öllum skólum fyrir alla nemendur til 18 ára aldurs.

Kí bendir á að ekki er fyrir hendi í lögum um framhaldsskóla skilgreindur réttur nemenda til umsýjonar og ekki heldur til ráðgjafar sálfræðinga eða annars fagfólks í heilsuverndarmálum.

Tillaga 5b). Tillögur um að efla kynningu á starfsnámi í grunnskólum, svo sem með því að útvíkka GERT verkefnið, tengja vinnuskóla við starfsnámskóla og útvíkka Íslandsmót iðngreina eru ágætar. Tilgreina þarf ábyrgð á þessum verkefnum.

Kí bendir á í sambandi við kynningar á starfsnámi fyrir grunnskólanemendum að góð reynsla er af því að nota orðið starfsnám, verk- og tækninám á framhaldsskólastigi, en það færast í aukana að tala um tækninám í ákveðnum greinum. Kí telur tækninám höfða betur til ungs fólks.

KÍ telur að kynningar einar og sér dugi ekki til að auka aðsókn grunnskólanema í starfsnám, verk- og tækninám á framhaldsskólastigi og að efla þurfi nám í grunnskólum í verk- og listgreinum til að auka aðsókn grunnskólanemenda í starfs, verk- og tækninám á framhaldsskólastigi.

KÍ telur einnig að formgera þurfi samstarf grunnskóla og framhaldsskóla um skýrar leiðir fyrir nemendur til að stunda nám samtímis á tveimur skólastigum, starfsnám, verk- og tækninám í framhaldsskóla, áður en grunnskólanámi er lokið, og samfelli í námi milli skólastiga.

Tillaga 5c). KÍ telur eflingu á hlutverki náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum vera forsendu þess að efla stoðkerfi skólanna til stuðnings við nemendur, námsástundun og skuldbindingu í námi. Tilgreina þarf ábyrgð á því verkefni að efla hlut náms- og starfsráðgjafa á grunn- og framhaldsskólastigi.

KÍ telur að þar sem efling náms- og starfsráðgjafar við nemendur gegnir miklu hlutverki í öllum aðgerðaáætlunum hvítbókar sé mjög bagalegt að tillögur verkefnahóps um náms- og starfsráðgjöf hafi ekki farið til samráðshópsins til umsagnar.

KÍ leggur mikla áherslu á að grunnskólum og framhaldsskólum verði tryggt fjármagn til að ráða fleiri náms- og starfsráðgjafa til starfa og að sett verði viðmið um nemendafjölda á hvert stöðugildi í ráðgjöf svo að ráðgjafar hafi aðstæður til að sinna raunverulegri náms- og starfsráðgjöf við nemendur. Einnig er nauðsynlegt að náms- og starfsráðgjafar fái markvissan stuðning við símenntun og starfsþróun, aðstæður og möguleika til að sinna símenntun og starfsþróun.

Virðingarfyllt

F.h. Kennarasambands Íslands

Aðalheiður Steingrimsdóttir

Aðalheiður Steingrimsdóttir fulltrúi KÍ í samráðshópi